



## **Leiðbeinandi verklagsreglur vegna brottvísunar úr skóla**

**Brottvísun úr skóla er stjórnvaldsákvörðun og ber því að fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við alla málsmeðferð.**

*Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og í reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011, skal fylgja eftirfarandi verklagsreglum:*

1. Væg agaviðbrögð og brottvísun úr kennslustundum það sem eftir lifir dags eða úr einstökum kennslustundum telst ekki stjórnvaldsaðgerð. Láta þarf forráðamenn vita áður en nemandi er sendur heim.
2. Ef grípa þarf til brottvísunar, tímabundið eða ótímabundið, þarf framkvæmdin að vera með eftirfarandi hætti:
  - a) Skrifleg tilkynning til forráðamanna (og jafnvel nemanda eftir atvikum) um að brottvísun úr skóla í fleiri en einn skóladag (ein kennsluvika) komi til greina. Forráðamenn eiga rétt á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar ákvörðun um brottvísun. Jafnframt eiga þeir rétt á að koma á framfæri skriflegum athugasemdum og andmælum við ákvörðun um brottvísun. Ef athugasemdir/andmæli eru munnleg skal skrá það niður. Nemandi getur verið heima, að höfðu samráði við forráðamenn, eða í öðru skólaúrræði þar til andmælin hafa verið tekin fyrir.
  - b) Skólastjóri tekur athugasemdir og andmæli til skoðunar að loknum fundi. Forráðamenn fá í framhaldi skriflega niðurstöðu. Ef niðurstaðan er tímabundin brottvísun úr skóla (5 dagar) skal jafnframt tilkynna skólaskrifstofu um þá niðurstöðu. Skólastjóri hefur eina kennsluviku til að vinna að lausn málsins. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik sem skipta máli vegna úrlausnar mála séu skráð og varðveitt í skólanum, sjá í 14. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.
  - c) Ef fyrirsjáanlegt er að skólastjóra takist ekki að leysa málið á einni kennsluviku og að vísa þurfi nemanda ótímabundið úr skóla er ferli a-b endurtekið. Ef niðurstaðan er ótímabundin brottvísun, eftir að andmæli hafa verið tekin til skoðunar, skal skólastjóri upplýsa skólaskrifstofu um stöðu máls sem vísar þá málinu til fræðsluráðs.
  - d) Ef nemenda hefur verið vikið ótímabundið úr skóla ber fræðsluráð ábyrgð á því að nemandi sé tryggð skólavist, eigi síðar en innan þriggja vikna.

**Benda skal forráðamönnum á að brottvísun er kæránleg til mennta- og barnamálaráðuneytis skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008**